

VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR
41. stjórnarfundur haldinn í síma 28. desember 2010.

Mætt: Kristveig Sigurðardóttir, formaður, Rósa Björk Halldórsdóttir, varaformaður, Böðvar Pétursson, Björn Ármann Ólafsson, Hjalti Þór Vignisson, Elín Heiða Valsdóttir, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Magnús Hallgrímsson.
Hjalti ritar fundargerð.

Kristveig bauð fundarmenn velkomna. Gengið til dagskrár kl. 10.00:

1. Endurskoðun laga.

Eftir miklar umræður var einróma niðurstaða að fela formanni að rita umhverfisráðherra bréf um tillögu um að farið verði af stað með endurskoðun laga um Vatnajökulspjóðgarð.

2. Starfsmannamál

Kristveig ræddi um tillögu um ráðningu fjármálastjóra. Sagði þrjár leiðir: 1. Ráðning fjármálastjóra með aðsetur í Reykjavík. 2. Ráðning fjármálastjóra á svæðum þjóðgarðsins. 3. Umsýslu fjármála úthýst.

Magnús lýsti því yfir að hann styddi fyrsta kostinn. Aðrir stjórnarmenn vilja fara annað hvort leið 2 eða 3.

Kristveig sagði frá hugmynd sinni um nýtingu mannaúðs garðsins. Til þess að nýta betur þann dýrmæta mannaúð sem við höfum í fastráðnum starfsmönnum mætti fela einhverjum þeirra ábyrgð á ákveðnum málefnum sem heyra undir garðinn allan. Með þessu móti getum við ekki aðeins nýtt okkar starfsfólk betur heldur held ég að slík ábyrgðarskipting gæti orðið til þess að þjappa þjóðgarðinum saman og stuðla að aukinni samvinnu milli svæða.

Fundi slitið kl. 16.50